

Atvinnuveganefnd Alþingis
Sent á nefndarsvið@althingi.is

Reykjavík, 15. mars 2022
Tilv.: 2203003

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (eftirlit Fiskistofu o.fl.), 386. mál.

1. Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar.
2. Með frumvarpinu er m.a. lagt til að Fiskistofu verði í ákveðnum tilvikum heimilt að leggja dagsektir á hvern þann sem vanrækir að veita stofnuninni þær upplýsingar sem viðkomandi ber að veita lögum samkvæmt. Þá er jafnframt gert ráð fyrir sterkari heimildum Fiskistofu til innheimtu dagsekta. Lagt er til að dagsektir skuli nema 30 þús. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og að þær geti hæstar orðið 1,5 millj. kr. Þá kemur fram að markmið þessara breytinga sé m.a. að tryggja að dagsektarúrræði Fiskistofu hafi tilhlýðileg fælingar- og varnaðaráhrif.
3. Í tilefni af fyrirhuguðum breytingum vill Samkeppniseftirlitið minna á að Fiskistofa gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd reglna um hámarksaflahlutdeildir samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, en liður í eftirliti með þessu er að rannsaka og taka afstöðu til þess hverjir teljast til tengdra aðila og fara með yfiráð í því sambandi. Starf Fiskistofu hefur því mikla þýðingu í eftirliti með stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi, til viðbótar við það hlutverk Samkeppniseftirlitsins skv. d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, að kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja, sbr. og t.d. 17. gr. laganna o. áfr.
4. Við eftirlit af þessu tagi er mikilvægt að eftirlitsaðilinn búi yfir fullnægjandi úrræðum til þess að knýja á um t.d. afhendingu gagna og upplýsinga. Ef úrræði af þessu tagi eru ekki afgerandi og skýr er hætt við því að eftirlitið skili ekki árangri og markmið hlutaðeiganda laga nái ekki fram að ganga.
5. Í þessu ljósi vill Samkeppniseftirlitið koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum um þau efndaúrræði sem lögð eru til í frumvarpinu:
6. Samkeppniseftirlitið vísar í fyrsta lagi til þess að eftirlitið gerði efndaúrræði Fiskistofu að umtalsefni í [umsögn þess](#), dags. 8. mars 2021, við frumvarp um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.) sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda, sbr. einnig [umsögn eftirlitsins](#), dags. 3. maí 2021. Í því frumvarpi voru lagðar til nánast sams konar breytingar á heimild Fiskistofu til að leggja á og innheimta dagsektir.
7. Samkeppniseftirlitið áréttar því áður fram komin tilmæli um að sektarfjárhæðir verði endurskoðar þar sem þær séu ekki í neinu samhengi við mismunandi efnahag og fjárhagslegan styrkleika viðkomandi eftirlitsskyldra aðila. Til samanburðar hljóp velta stærstu útgerðarfélaga



landsins á tugi milljörðum króna árið 2021. Samkeppniseftirlitið telur því ástæðu til að ítreka af þessu tilefni fyrri ábendingar um nauðsyn þess að fjárhæðamörk er varða dagsektir og stjórnvaldssektir taki tilliti til efnahags- og fjárhagslegs styrkleika fyrirtækja sem í hlut eiga, svo tryggt sé að viðkomandi sektir hafi viðunandi fullnustu- og varnaðaráhrif.

8. Rétt er að benda á að í frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá 26. febrúar 2021, þar sem sams konar breytingar voru lagðar til og nú eru settar fram, var sérstaklega vísað til dagsektarúrræðis Fjármálaeftirlitsins í 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Það er því ástæða til að benda á að í 1. mgr. 11. gr. þeirra laga er kveðið á um að dagsektir geti numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og að heimilt sé að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Þá er sérstaklega tekið fram að við ákvörðun um fjárhæð dagsekta sé heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Að mati Samkeppniseftirlitsins er nauðsynlegt að líta til þessa ef tryggja á að dagsektarúrræði Fiskistofu tryggi tilhlýðilegar efndir á fyrirmælum stofnunarinnar.
9. Eftir því sem Samkeppniseftirlitið kemst næst er óalgengt að eftirlitsstofnun hafi til umráða svo lága dagsektarfjárhæð í lögum sem um þær gilda, þ.e. 30 þús. kr. á dag. Svo virðist sem algengt sé að heimild til álagningar dagsekta sé annars vegar bundin ákveðinni lágmarksfjárhæð og hins vegar hámarksfjárhæð og virðist vera algengt að slík hámarksfjárhæð sé 500 þús. kr. til 1 milljón kr. Þá eru jafnframt dæmi um að ekki sé kveðið á um tiltekið lágmark eða hámark heldur viðkomandi eftirlitsstofnun falið að ákvarða viðeigandi sektarfjárhæð í hvert og eitt sinn, sbr. t.d. 38. gr. samkeppnislaga.
10. Samkeppniseftirlitið þakkar fyrir tækifærið til að koma að sjónarmiðum vegna málsins og er reiðubúið til að fylgja umsögninni eftir eða veita frekari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Eva Ómarsdóttir